

Sp.

136. Tillaga til þingsályktunar

[84. mál]

um niðurgreiðslu á mjólk.

Flm.: Lúðvík Jósefsson, Jóhann Jósefsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta niðurgreiðslu á mjólk ná jafnt til allra staða á landinu, þar sem mjólk er seld í mjólkurbúðum.

Greinargerð.

Niðurgreiðsla á mjólk hefur farið fram í nokkur ár og ekki alltaf með sama hætti. Nú mun niðurgreiðslan vera hærri en nokkru sinni áður, eða nema 42 aurum á hvern nýmjólkurlíttra.

Sú tilhögun, sem nú er á niðurgreiðslunni og hefur verið síðan 1945, skapar mikið misrétti á milli landsmanna í þessum málum. Niðurgreiðslan nær nú aðeins til nokkurra staða, en aðrir staðir fá enga verðlækkun á sinni mjólk. Þetta misræmi leiðir af sér mjög mishátt mjólkurverð. Sem dæmi má nefna, að nú mun mjólkurblítrinn í Vestmannaeyjum, sem ekki nýtur niðurgreiðslu, vera um 70 aurum dýrari en í Reykjavík, sem nýtur niðurgreiðslunnar. Mismunur mjólkurverðsins er auðvitað ekki svona mikill yfirleitt, en víða er munurinn falsverður.

Núverandi framkvæmd niðurgreiðslunnar mun vera bundin við það, að aðeins sé greidd niður mjólk í viðurkenndum mjólkurbúum. Slíkt er vitanlega ósanngjarn, og sýnist engin ástæða, að ekki sé á sama hátt hægt að greiða niður verð á mjólk til allra þeirra, sem mjólk selja í mjólkurbúðum, hvar svo sem þeir annars eru á landinu. Fé það, sem notað er til niðurgreiðslunnar, er tekið úr ríkissjóði, og eru það því allir landsmenn, sem raunverulega standa undir þessari verðlækkun. Það er því sanngjarn, að allir njóti þessa jafnt, en núverandi misrétti verði leiðrétt. Þessi þingsályktunartillaga er flutt í þeim tilgangi að fá þessum málum kippt í lag.